

Arctic Sea Farm hf.
Aðalstræti 20
400Ísafjörður

Reykjavík, 17. ágúst 2021
UST202102-319/F.T.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 28. júní 2021 þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun á fráviki er skráð var í eftirliti dags. 28. maí 2021. Þann 13. ágúst sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:

1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 40. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfishafi skal upplýsa útgefanda starfsleyfis um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið, sem og að upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það ef frávik verður frá starfsleyfisskilyrðum og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana. Umhverfisstofnun var ekki tilkynnt um frávik er snýr að eldissvæði Haukadalsbót. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur verkferlum verið breytt og stjórnendur upplýstir um að slíkar breytingar þurfi að vera tilkynntar til Umhverfisstofnunar.**

Umhverfisstofnun leggjur áherslu á að mikilvægt er að stofnuninni verði tilkynntar allar breytingar á rekstri sbr. 1. mgr. 14. gr. sem og upplýsa stofnunina tafarlaust um ef frávik verður frá starfsleyfisskilyrðum sem og grípa til nauðsynlegra ráðstafana vegna frávíks sbr. 2. mgr. 40. gr. Stofnunin hefur heimildir til þess að leggja stjórnvaldssektir á rekstraraðila vegna brota á framangreindum ákvæðum sbr. 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Stofnunin fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfraeðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur